

Ársskýrsla Náttúrustofu Austurlands



2002

Texti:

Guðrún Á. Jónsdóttir
Berglind Steina Ingvarsdóttir
Skarphéðinn G. Þórisson
Kristín Ágústsdóttir

Ljósmyndir:

Skarphéðinn G. Þórisson og Berglind Steina Ingvarsdóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Lagabreytingar	1
Stjórn.....	2
Störf stjórnar.....	2
Starfsfólk	2
Verkefni.....	3
Hreindýrarrannsóknir	3
Úrvinnsla eldri gagna og heimildasöfnun.....	3
Dreifing hreindýra á öllum árstímum	4
Upplýsingum safnað úr veiðinni.....	4
Erlent samstarf	5
Aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi og dánartíðni.....	5
Veiðikvóti og stofnlíkan.....	6
Hreindýraráð og ráðuneyti	6
Hreindýr og skógur.....	6
Fuglarrannsóknir	6
Samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands	6
Fuglatalningar á leirum.....	7
Gæsarrannsóknir.....	7
Bjargdúfurannsóknir.....	7
Gróðurannsóknir.....	7
Hreindýrabeit í Sandvík.....	7
Gróðurannsóknir í Hólmanesi.....	7
Gróðurannsóknir vegna framkvæmda	8
Hómanesrannsóknir	8
Umhverfismál sveitarfélaga	8
Umsjón fólkvangsins í Neskaupstað.....	9
Ofanflóð.....	9
Fræðslustarfsemi	9
Náttúrugripasafnið.....	9
Vettvangsferðir.....	9
Greiningar náttúrugripa	10
Samstarf við skóla.....	10
Heimasíða.....	10
Verkefni sem stöðugt er unnið að.....	10
Samstarf náttúrustofa	11
Ýmsir samstarfsaðilar og viðskiptavinir	11
Þakkarorð.....	11
Skýrslur og fræðslufni.....	12

Inngangur

Frá upphafi hafa ársskýrslur Náttúrustofu Austurlands birst í tímaritinu Múlaþingi, en árið 2001 varð breyting þar á þegar Múlaþing hætti að birta ársskýrslur. Ársskýrsla Náttúrustofunnar fyrir árið 2001 kom ekki út og því var ákveðið að gera ársskýrslu fyrir árið 2002 nokkuð veglegri en áður hefur verið.

Árið 2002 var 8. starfsár Náttúrustofu Austurlands. Starfsemi Náttúrustofunnar var að mestu með svipuðu sniði og á árunum 2000 og 2001. Verkefnum vegna ýmiskonar framkvæmda fækkaði nokkuð en þó var unnið að fjölbreyttum verkefnum víðs vegar um Austurland. Á árinu var lögum um náttúrustofur breytt eftir nær tveggja ára undirbúning. Gerðir voru þjónustusamningar vegna stærri verkefna sem Náttúrustofan tók að sér. Samið var við Fjarðabyggð um rekstur Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað og samið var við Austur-Hérað um vinnu við Staðardagskrá 21.

Eins og undanfarin ár er Náttúrustofa Austurlands með höfuðstöðvar í Neskaupstað en útibú er á Egilsstöðum. Forstöðumaður er í Neskaupstað og þar er rannsóknastofa og bókasafn stofunnar. Náttúrustofan er í sambýli við Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands. Útibúið á Egilsstöðum leigir skrifstofu af Skógrækt ríkisins. Starfsemin á Egilsstöðum snýst fyrst og fremst um hreindýr en einnig er unnið það að fuglarannsóknum og fræðsluverkefnum. Í Neskaupstað er unnið að margvíslegum verkefnum svo sem gróðurannsóknum, fuglarannsóknum, kortagerð, verkefnum tengdum Staðardagskrá 21, ofanflóaðannálum, fræðsluverkefnum, umsjón með Náttúrugripasafninu í Neskaupstað og fólkvanginum í Neskaupstað.

Lagabreytingar

Breytingar voru gerðar á lögum nr. 60/1999 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á vorþingi 2002 (Lög nr. 92/2002). Lagabreytingarnar lúta aðallega að stjórnarfyrikomulagi náttúrustofa og fjölda þeirra en einnig var hlutverk náttúrustofa skýrt ítarlegar. Þá er kveðið á um að rekstrarsveitarfélög og Umhverfissráðuneyti geri samning um hverja stofu. Slikur samningur var undirritaður milli Fjarðabyggðar og Umhverfissráðuneytis í desember 2002.

Samkvæmt núgildandi lögum skipa rekstrarsveitarfélög hverrar stofu alla stjórnarmenn náttúrustofunnar en áður skipaði Umhverfissráðherra formann stjórnar. Hlutverk stjórnar er skv. lögnum að ráða forstöðumann, fjalla um árlega fjárhagsáætlun og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi. Stjórn náttúrustofu getur sett gjaldskrá fyrir rannsóknir, vöktun og ráðgjöf.

Lögin gera ráð fyrir að allt að átta náttúrustofur geti starfað víðs vegar um landið. Á árinu 2002 voru Náttúrustofur sex og þá enn svigrúm til að bæta við tveimur stofum.



Lambagras (Silene acaulis)

Helstu hlutverk náttúrustofu samkvæmt núgildandi lögum eru að:

- safna gögnum, varðveita heimildir um náttúrufar og stunda vísindalegar náttúrurannsóknir, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar,
- stuðla að æskilegri landnýtingu og náttúruvernd og veita fræðslu um umhverfismál og náttúrufræði og aðstoða við gerð náttúrusýninga,
- veita náttúruverndarnefndum á starfssvæði stofunnar upplýsingar og ráðgjöf,
- veita ráðgjöf, sinna rannsóknum og sjá um náttúruvöktun að beiðni sveitarfélaga, ríkis eða stofnana þeirra, einstaklinga, fyrirtækja eða annarra aðila, að annast almennt eftirlit með náttúru landsins, einkum í þeim landshluta þar sem náttúrustofan starfar.

Stjórn

Samkvæmt lögum skal stjórn náttúrustofunnar skipuð að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Ný stjórn var skipuð sumarið 2002 í kjölfar lagabreytinga og sveitarstjórnakosninga. Í stjórn sitja nú: Líneik Anna Sævarsdóttir formaður, Einar Már Sigurðarson og Arnbjörg Sveinsdóttir. Varamenn eru: Einar Þórarinsson, Hákon Viðarsson og Böðvar Þórisson.

Störf stjórnar

Á árinu 2002 voru haldnir 4 stjórnarfundir, þar af einn símafundur. Fundargerðir voru lagðar fram jafn óðum á fundum bæjarstjórnar Fjarðabyggðar eins og verið hefur frá upphafi. Helstu mál sem fjallað var um árið 2002 voru:

- Samstarf náttúrustofa
- Náttúrugripasafnið í Neskaupstað
- Kjarasamningar starfsfólks
- Uppgjör á stofnkostnaði fyrri ára
- Fjárhagsáætlun
- Ársreikningur
- Verkefnastaða
- Starfsmannamál
- Lagabreytingar
- Samningur milli ráðuneytis og sveitarfélags um rekstur stofunnar
- Aðild fleiri sveitarfélaga að rekstri stofunnar



Sævar Guðjónsson, Berglind Steina Ingvarsdóttir, Guðrún Á. Jónsdóttir og Magnús Björnssonson í Nónskarði

Milli stjórnarfunda ber forstöðumaður gjarnan álitamál undir formann stjórnar og aðra stjórnarmenn og fær hjá þeim upplýsingar og ráðgjöf.

Starfsfólk

Guðrún Á. Jónsdóttir gróðurvistfræðingur er forstöðumaður Náttúrustofu Austurlands. Hún sér um daglegan rekstur, fjármálastjórn, starfsmannamál, áætlanagerð, verksamninga og gróðurrannsóknir.

Kristín Ágústdóttir landfræðingur var í barnsburðarleyfi allt árið 2002. Sigurjón Gísli Rúnarsson landfræðingur leysti Kristínu af til 1. júlí 2002 en þá tók Magnús Björnsson líffræðingur við því starfi. Verkefni þeirra voru fyrst og fremst Staðardagskrá 21, fyrir Fjarðabyggð og Austur-Hérað, kortagerð og umsjón heimasíðu Náttúrustofunnar.

Berglind Steina Ingvarsdóttir líffræðingur starfaði hjá Náttúrustofunni allt árið 2002. Hún var ekki í fullu starfi þar sem hún starfaði einnig sjálfstætt við rannsóknir á bjargdúfum. Til þess hafði hún vinnuástöðu og afnot af tækjum hjá Náttúrustofunni en verkefnið var annars að mestu unnið fyrir styrk í sjóðnum *þekking stúdenta í þágu þjóðar*. Aðalstarf Berglindar var umsjón með Náttúrugripasafninu. Auk þess sinnti hún ýmsum verkefnum sem tengjast fræðslumálum, skólaheimsóknum og fuglarannsóknum. Þá sá Berglind um að taka við, skrá og greina gripi sem almenningur kom með.



Skarphéðinn G. Þórisson hugar að hreindýrum af Snjótindi. Áltaförður í baksýn.

Skarphéðinn G. Þórisson starfaði hjá Náttúrustofunni árið 2002. Aðalstarf hans var vöktun og rannsóknir á hreindýrum. Skarphéðinn sér um áætlanagerð og samninga vegna hreindýrarannsókna og sinnir samskiptum við stofnanir og einstaklinga sem tengjast hreindýrum. Hann vinnur einnig að fuglarannsóknum og ýmsum fræðsluverkefnum.

Halldór Walter Stefánsson fuglarannsóknamaður hefur unnið fyrir Náttúrustofuna að ýmsum verkefnum.

Halldór vinnur sjálfstætt og var í um 50 % starfi hjá

Náttúrustofunni árið 2002, fyrst og fremst við fuglarannsóknir.

Þrátt fyrir þessa verkaskiptinu og sérhæfingu starfsmanna ganga allir starfsmenn í þau verk sem vinna þarf hverju sinni. Þannig eru flest verkefni unnin af fleiri en einum starfsmanni og oftast koma allir sérfræðingar stofunnar að þeim á einn eða annan hátt.

Verkefni

Hreindýrarannsóknir

Verkefnum vegna hreindýra má skipta í eftirfarandi:

- Árleg vöktun stofnsins
- Upplýsingasöfnun um hagagöngu á öllum árstímum
- Vetrartalning í mars
- Sumartalning í júlí
- Úttekt á frjósemi og dánartíðni, gerð í apríl
- Úttekt á aldurs- og kynjasamsetning á fengitíma
- Gagnasöfnun úr veiðinni
- Tímabundnar rannsóknir vegna áhrifa ýmissa framkvæmda
- Grundvallarrannsóknir í skemmri eða lengri tíma t.d. á beit og sníkjudýrum
- Mat á ágangi hreindýra á einstakar jarðir á Austurlandi og arðsútreikningar
- Gerð tillagna um veiðikvóta, ágangssvæði og skynsamlegan framgang veiðanna
- Fræðsla og söfnun heimilda um hreindýr á Íslandi

Úrvinnsla eldri gagna og heimildasöfnun

Enn á eftir að vinna úr ýmsum upplýsingum sem safnast hafa um hreindýrastofninn, einkum síðustu 30 árin. Stöðugt er unnið að því að safna saman og koma fyrir á aðgengilegan máta öllu sem skrifað er og hefur verið skrifað um hreindýr á Íslandi. Á árinu voru unnin drög að skrá yfir íslenkar heimildir um hreindýr. Náttúrufræðistofnun lét stofunni góðfúslega í té heimildaskrá þeirra um íslensku hreindýrin. Skráin telur nú um 550 titla og er aðgengileg öllum á heimasíðu stofunnar: www.na.is.

Dreifing hreindýra á öllum árstímum

Upplýsingar um fjölda og dreifingu hreindýra á öllum árstímum er einn aðal grundvöllurinn að nýtingu stofnsins og ein aðal forsenda arðsúthlutunar. Náttúrustofan skipuleggur tvær talningar á ári, vetrartalningu í mars á öllu Austurlandi og talningu í júlíbyrjun á Snæfellsöræfum. Einnig er stöðug skráning í gangi í samvinnu við heimamenn. Efla þarf þessar rannsóknir og er vænst að mögulegt verði að hengja gps staðsetningartæki um háls dýra á svæðum þar sem upplýsingar um hagagöngu vantar. Talningar 2002 heppnuðust vel. Í vetrartalningu fundust 3051 hreindýr en í sumartalningu á Snæfellsöræfum 2297 dýr. Auk þessa var leitað að dýrum úr lofti í Austur-Skaftafellssýslu austan Hornafjarðarfliots og fundust þar 270 dýr.



Hreindýrahópur (92 kýr, 57 kálfar og 8 tarfar) á fönn innst í Viðidal á Lónsöræfum 28. júlí 2002.

Upplýsingum safnað úr veiðinni

Nauðsynlegt er að safna upplýsingum úr veiðinni til að fylgjast með líkamlegu ástandi hreindýranna, einkum nú er ýmsar athafnir manna þrengja að dýrunum. Veiðimenn skila inn upplýsingum sem Náttúrustofan vinnur síðan úr. Einnig skila þeir inn kjálkum sem nýtast m.a. við aldursgreiningu.

Árið 2001 söfnuðust 144 kjálkar eða úr þriðjungi veiddra dýra og voru áhringir í framtönnnum notaðir til aldursákvörðunar. Unnið var að því á útmánuðum 2002. Árið 2002 söfnuðust rúmlega 300 kjálkar af 435 eða úr 70% veiddra dýra. Búið er að hreinsa þá og verða framtennur sendar seinni hluta vetrar til skurðar og litunar sem Karl Skírnisson sérfræðingur á Keldum hefur annast.

Unnið var að úrvinnslu gagna úr veiðinni á árinu og er stefnt að því að skila skýrslu um það fyrir árslok 2004 sem byggir þá á þriggja ára söfnun.

Erlent samstarf

Reynt er að fylgjast með niðurstöðum hreindýrarannsókna annars staðar á norðurhveli. Æskilegt væri að efla samstarf og samskipti Náttúrustofu Austurlands við erlenda hreindýrasérfræðinga ekki síst við Norræna hreindýraráðið (Nodrisk organ för renfoskning).

Á árinu var áfram unnið með norskum vísindamönnum að könnun á hugsanlegum *Salmonella* sýkingum í hreindýrum. Niðurstaðna er að vænta 2003.



Fjórir fullorðnir tarfar á bökkum Lagarfljóts við Straum vorið 2002. Dyrfjöll í baksýn.

Aldurs- og kynjahlutföll, frjósemi og dánartíðni

Einungis er hægt að sjá aldurs- og kynjahlutfall í hreindýrastofninum á fengitíma. Austurlandi er skipt niður í níu veiðisvæði og er nauðsynlegt að skoða þetta sem víðast. Niðurstöður þessara athugana eru forsendur úthlutunar veiðikvóta með tilliti til kyns. Stefnt er að því að hlutfallið sé svipað og gerist í stofnum sem ekki er veitt úr eða um 50% kýr, 30% tarfar og 20% kálfar að hausti.

Eins og undanfarin ár var aldurs- og kynjahlutfall kannað árið 2002 víða . Farið var um Múla og Fljótsdalsheiði, Jökuldalsheiði, Borgarfjörð, Seyðisfjörð, Reyðarfjörð, Norðfjörð, austurhluta Hrauna, í Geithellnadal, Starmýrardal, Lón og Mýrar.

Í apríl er hægt að sjá hversu margar kýr bera um vorið. Nauðsynlegt er síðan að kanna hlutfall kálfa í stofninum á öllum árstímum. Niðurstöður þessa segja til um nýliðun. Skoðaðar voru 377 kýr á Fljótsdalshéraði í apríl 2002 og reyndust 90% þeirra vera kelfdar.

Veidikvóti og stofnlíkan

Náttúrustofa Austurlands vinnur tillögur að veiðikvóta fyrir Hreindýraráð. Náttúrustofan lagði til að kvótinn yrði 800 dýr árið 2003 sem var nokkur hækkun frá fyrra ári. Ástæða þess var einkum sú að dýrin reyndust nokkuð fleiri en talningar undanfarinna ára höfðu gefið til kynna.

Hreindýraráð og ráðuneyti

Fulltrúi Náttúrustofu Austurlands sat alla fundi Hreindýraráðs á árinu og veitti alla þá faglegu aðstoð sem eftir var óskar. Hreindýraráð skipti arði af hreindýraveiðum á milli landeigenda og ábúenda á Austurlandi. Arðsskiptingin fer að stórum hluta (70%) eftir ágangi hreindýra og er það hlutverk Náttúrustofunnar að meta hann. Töluverð vinna fór í samstarf Náttúrustofu og Hreindýraráðs í vetrarbyrjun 2002 vegna útreiknings á hreindýraarði. Samkvæmt reglugerð 485/2002 skal Náttúrustofan gera tillögu til Hreindýraráðs um ágangssvæði. Svo var gert og var tillagan samþykkt athugasemdalaust.

Í nóvember 2002 tók Náttúrustofan þátt í að fella 24 hreinkýr á Mýrum fyrir Hreindýraráð. Safnað var sýnum úr þeim í samvinnu við Sigurð Sigurðarson á Keldum til að kanna heilbrigði dýranna.



Hreindýraveiðar á Mýrum. Sigurður Sigurðarson frá Keldum og Sigfús Þorsteinsson Höfn safna sýnum

Náttúrustofan veitir einnig Umhverfissráðuneytinu faglega aðstoð við afgreiðslu mála er varða hreindýr.

Hreindýr og skógur

Á síðustu árum hefur árekstrum hreindýra og skógarbænda fjölgað samhliða aukinni skógrækt, einkum á Héraði. Með tilkomu Austurlandsskógaverkefnisins sem nær yfir báðar Múlasýslurnar má búast við auknum árekstrum. Náttúrustofan fylgist með þessum árekstrum í góðu samstarfi við Héraðsskóga, Austurlandsskóga og Skógrækt ríkisins. Auk þess er allra leiða leitað til að fyrirbyggja eða að draga úr áganginum. Undir handleiðslu Náttúrustofu og Héraðsskóga var lokið við skýrslu í mars 2002 um skógrækt á Fljótsdalshéraði og ágang hreindýra í ungskógum. Skýrsluna er að finna á heimasíðu stofunnar.

Fuglarannsóknir

Samstarf við Náttúrufræðistofnun Íslands



Heiðagæs liggur á hreiðri við bakka Jöklu

Skógvist er samstarfsverkefni Náttúrufræðistofnunar Íslands og Skógræktarinnar og var þéttleiki fugla mældur í skógum á Fljótsdalshéraði. Einn starfsmaður Náttúrustofunnar tók þátt í þessari vinnu. Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma hélt áfram hjá Náttúrufræðistofnun þetta árið og vann starfsmaður frá Náttúrustofunni við það.

Fuglatalningar á leirum

Líkt og á árinu 2001 voru fuglar taldir á leirum í botni Fáskrúðsfjarðar og Berufjarðar fyrir Vegagerðina á Reyðarfirði (sjá umhverfis-rannsóknir vegna framkvæmda). Stefnt er að ljúka þessum talningum á árinu 2003.

Gæsarannsóknir

Líkt og undanfarin áratug héldu hefðbundnar athuganir áfram árið 2002. Tíu grágæsavörp eru vöktuð á Úthéraði. Þá voru gæsir og áltir taldar á öllu Héraðinu í árlegri vortalningu.

Samhliða hreindýratalningu þann 5. júlí á Snæfellsöræfum voru 9394 heiðagæsir í sárum taldar á Eyjabökkum.

Bjargdúfurannsóknir

Rannsóknir á bjargdúfum hófust sumarið 2002. Markmið rannsóknarinnar var að efla þekkingu um dúfur á Austurlandi sem nýtast mun til að skera úr um hvort um villtan fuglastofn er að ræða. Varpútbreiðsla við Norðfjarðarflóa og Mjóafjörð, en þar er aðal varpstaður bjargdúfunnar, var rannsökuð og kortlögð. Fuglar voru merktir með stálmerki og mismunandi samsetningu lithringja og fullorðnir fuglar voru mældir og vigtaðir. Stefnt er að ljúka rannsóknum 2003.



Bjarglúfa

Gróðurannsóknir

Frá upphafi hafa rannsóknir á gróðurfari og gróðurkortlagning verið eitt af meginviðfangsefnum Náttúrustofu Austurlands. Hefur þar bæði verið um almenna gagnasöfnun að ræða en einnig þjónustuverkefni fyrir ýmsa. Árið 2002 var unnið að nokkrum verkefnum á þessu sviði.

Hreindýrabeit í Sandvík

Árin 2001-2002 var haldið áfram rannsóknum á áhrifum hreindýrabeitar á gróðurfari í Sandvík. Tilraunareitirnir voru girtir en erfitt hefur verið að viðhalda girðingum. Rannsóknirnar verða endurskoðaðar með tilliti til þessa fyrir sumarið 2003. Mikilvægt er að koma einnig af stað rannsóknum á vetrarabeit hreindýra.

Gróðurannsóknir í Hólmanesi

Sumarið 2001 og 2002 var gróður í Hólmanes friðlandi og fólkvangi kortlagður og tegundafjölbreytni skráð. Fyrirhugað er að gefa út fræðsluefni um náttúrufer Hólmaness. Þá stóðu Náttúrustofan og Ferðafélag fjarðamanna fyrir gróðurskoðunarferð fyrir almenning í Hólmanes sumarið 2002 og er fyrirhugað að slíkt verði árlega.

Gróðurrannsóknir vegna framkvæmda

Sumarið 2002 var gróður rannsakaður austan við Jökulsárlón á Breiðamerkursandi vegna fyrirhugaðra breytinga á þjóðvegi. Unnið var úr gróðurrannsóknum sem gerðar voru á stæði fyrirhugaðrar Kröflulínu 3 sem liggja mun frá Kröfluvirkjun austur í Fljótsdal. Vettvangsvinna var sumarið 2001 en úrvinnsla aðallega á árinu 2002. Einnig var unnið úr athugunum á tegundasamsetningu túna á láglendissvæðum í Fljótsdal sem er liður í rannsókn á hugsanlegum áhrifum brúar yfir Jökulsá í Fljótsdal við Gilsá.



Gróðurkortlagning við kröflulínu 3. Birna Guttormsdóttir, Guðrún Á Jónsdóttir, Halldór Walter Stefánsson og Sigurjón Gísli Rúnarsson

Hómanesrannsóknir

Sumarið 2002 vann Sigurjón Gísli Rúnarsson lokaritgerð til B.Sc. prófs í landafræði um friðlandið og fólkvanginn í Hólmanesi. Náttúrustofan veitti honum vinnuáðstöðu og afnot af tækjum til rannsókna. Í ritgerðinni er fjallað um náttúru og sögu Hólmaness, og unnin tillaga að skipulagi. Ástæða þess að höfundur fór af stað með þetta rannsóknarverkefni er sú að nú er fyrirhugað að skipuleggja Hólmanesfólkvang sem útivistarsvæði og eiga þær framkvæmdir að hefjast sumrið 2003.



Leiðarhöfðavík, Leiðarhöfði og hólmar og sker.

Umhverfismál sveitarfélaga

Frá því vorið 1999 hefur Náttúrustofa Austurlands unnið að verkefnum tengdum Staðardagskrá 21 fyrir Fjarðabyggð. Á árinu 2002 var unnið að verkefninu *Vistvernd í verki* í Fjarðabyggð. Vorið 2002 var gerður samningur milli Náttúrustofunnar og Austur-

Héraðs um vinnu vegna Staðardagskrár 21. Verkefnið felur í sér söfnum upplýsinga um ástand valdra málafokka í sveitarfélaginu. Í framhaldi af því verða sett markmið um framtíðar þróun þessara mála og valdar lykiltölur sem til að meta stöðu mála samanborðið við önnur sveitarfélög og hvernig gengur í framtíðinni að ná þeim markmiðum sem sett verða.

Umsjón fólkvangsins í Neskaupstað

Náttúrustofan hefur fyrir hönd Fjarðabyggðar séð um eftirlit og gert tillögur um úrbætur í Fólkvanginum í Neskaupstað. Stofan sér um endurnýjun og endurbætur skilta og merkinga, að hefta útbreiðslu lúpínu og gera tillögur um endurnýjun og viðhald göngustíga.

Ofanflóð

Náttúrustofan tók að sér í lok árs 2002 að ljúka við ofanflóðaannál fyrir Fáskrúðsfjörð. Verkefnið var unnið fyrir Veðurstofu Íslands og í framhaldi af því verður unnið að húsasögu Fáskrúðsfjarðar. Bæði verkefni eru liður gagnsöfnun Veðurstofunnar sem er grundvöllur að mati á ofanflóðahættu. Þá var á árinu 2002 endanlega lokið við gerð ofanflóðaannáls fyrir Eskifjörð sem unnin var í samvinnu við starfsmenn Veðurstofu Íslands. Annállinn var að mestu unnin árið 2000, en kom út árið 2002 og er hann að finna á heimasíðu Náttúrustofunnar.

Fræðslustarfsemi

Náttúrugripasafnið



Ahuðsamir krakkar í náttúrugripasafninu

Náttúrustofan tók að sér rekstur Náttúrugripasafnsins í Neskaupstað vorið 2002. Safnið starfaði með nokkuð breyttu sniði þar sem bætt var við einu sýningarherbergi

Í nýja sýningarherberginu er áformað að skipta árlega um sýningarefni og sumarið 2002 var sett þar upp hreindýrasýning.


Allir safngripir voru merktir á erlendum tungumálum vorið 2002 og allir aðrir

skýringatextar í safninu voru einnig þýddir á erlend mál. Þá var unnið að gerð fræðsluefnis fyrir skólanema. Skráðir safngestir voru 1068 árið 2002 sem eru ríflega tvöföldun frá árinu á undan.

Vettvangsferðir

Á uppstigningardag, 9. maí 2002 efndu Ferðafélag fjarðamanna og Náttúrustofan til fuglaskoðunar á Reyðarfirði og í Neskaupstað. Á báðum stöðunum var fuglaskoðunin á leirunum í botni fjarðanna og næsta nágrenni. Veður var hið besta. Þarna komu saman 30 - 40 manns á hvorum stað. Starfsmenn Náttúrustofu Austurlands fræddu viðstadda um fuglalífið, Halldór Walter Stefánsson á Reyðarfirði og í Neskaupstað Skarphéðinn G. Þórisson og Berglind Steina Ingvarsdóttir.

Plöntuskoðunarferð var farin 12. júlí í Hólmanes og stóðu Náttúrustofan og Ferðafélag fjarðamanna einnig að henni. Veður var slæmt og mæting því fremur lítil en ferðin tókst engu að síður mjög vel. Gengið var um fjölbreytileg gróðurlendi og tegundasamsetning þeirra skoðuð. Allmargar sjaldgæfar tegundir fundust, þátttakendum til mikillar ánægju. Leiðsögumaður var Guðrún Á. Jónsdóttir forstöðumaður Náttúrustofunnar



Arionsvöndur (Erysimum hieracifolium) í Hólmanesi

Greiningar náttúrugripa

Talsvert er um fyrirspurnir og heimsóknir almennings með skordýr, steina, plöntur eða aðra náttúrugripa á Náttúrustofuna. Starfsfólk Stofunnar tekur fúslega við öllum slíkum erindum og lætur einskis ófreistað til að greiða úr þeim. Náttúrugripir sem starfsfólk getur ekki greint er komið til annarra sérfræðinga. Þeir sem kom með gripi geta að sjálfsgöðu fengið þá aftur þegar þeir hafa verið greindir en annars tekur Náttúrustofan fúslega við a.m.k. því sem á einhvern hátt telst sérstætt eða verðmætt.

Samstarf við skóla



Nemendur í Verkmenntaskóla Austurlands kortleggja útbreiðslu lúpínu og njóla undir leiðsögn Guðrúnar Á. Jónsdóttur

Árlega kemur 10. bekkur Nesskóla í starfskynningu á Náttúrustofuna. Þeim eru falin ýmis verkefni m.a unnu þau að kortlagningu fjörunnar í Neskaupstað. Nemendur Verkmenntaskóla Austurlands leita talsvert til stofunnar vegna ýmis konar verkefna. Þá hafa sérfræðingar stofunnar verið með gestafyrirlestra og tekið þátt í vettvangsferðum skólanna. Fyrirlestrar um hreindýr og fugla voru haldnir nokkrum sinnum fyrir skólanema. Efla þyrfti og auka samskipti Náttúrustofunnar og skóla á Austurlandi.

Heimasíða

Heimasíða Náttúrustofu Austurlands (www.na.is) var endurbætt mikið á árinu 2002. Komið var fyrir fréttahorni þar sem færðar eru inn ýmsar fréttir tengdar náttúru og umhverfi. Þá er hefur verið ákveðið að birta skýrslur stofunnar á heimasíðunni þannig að áhugasamir geti lesið þær þar. Starfsmenn Náttúrustofunnar sjá um heimasíðuna og átti Magnús Björnsson drýgstan þátt í þeim framförum sem síðan tók.

Verkefni sem stöðugt er unnið að

Söfnun heimilda og gagna um náttúru Austurlands er verkefni sem stöðugt er unnið að. Bókasafn Náttúrustofunnar er enn lítið og vanbúið en vex þó árlega um nokkur eintök. Brýnt er að skrá safnið og skipuleggja það þannig að það nýtist sem best. Fyrir utan að efla bókasafnið er orðin mikil þörf á að skrá í gagnagrunn upplýsingar um náttúru Austurlands og gera slíkt gagnasafn aðgengilegt almenningi.

Samstarf náttúrustofa

Árið 2002 höfðu alls 6 náttúrustofur tekið til starfa víðs vegar um landið. Samstarf þessara stofa hefur verið að þróast smám saman eftir því sem fleiri hafa bæst í hópinn og starfsemi þeirra eflst. Vorið 2002 var ákveðið að stofna til formlegs samstarfs náttúrustofa og stofnfundur haldinn. Markmið samtakanna er að vera vettvangur faglegs samstarfs um rannsóknir, auka tengsl náttúrustofa við innlendar og erlendar fagstofnanir og skiptast á skoðunum.

Ýmsir samstarfsaðilar og viðskiptavinir

Síðan Náttúrustofan og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins fluttu í húsnæði Verkmenntaskóla Austurlands vorið 1999 hefur samstarf verið vaxandi milli þessara stofnanna. Vorið 2002 var undirritaður formlegur samstarfssamningur milli Náttúrustofunnar, Verkmenntaskólans og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Þar er kveðið á um faglegt samstarf varðandi ýmis verkefni sem tengja saman rannsóknir og kennslu og einnig um afnot af húsnæði og búnaði eftir ákveðnum reglum. Stofnanirnar vænta mikils af samstarfinu.



Gullkollur (Anthyllis vulneraria)

Náttúrustofan átti árið 2002 samstarf við ýmsar stofnanir og fyrirtæki. Hún tók að sér verkefni fyrir marga aðila og má þar nefna: Fræðslunet Austurlands, Fjarðabyggð, Austur-Hérað, Vegagerðina, Samherja, Verkfræðistofuna Hönnun, Verkfræðistofuna Línuhönnun, Landsvirkjun, Samherja o.fl. Einnig var unnið að rannsóknum með Náttúrufræðistofnun Íslands og samstarf var við Héraðsskóga og Búnaðarsamband Austurlands.

Þakkarorð

Margir lögðu Náttúrustofunni lið við rannsóknir 2002. Fyrir utan starfsmenn stofunnar má nefna: Pál Leifsson, Reimar Ásgeirsson, Sigfús Þorsteinsson, Sigurð Guðjónsson, Skúla Benediktsson, Sævar Guðjónsson og Gunnar Ólafsson. Egilsstaðaútibú átti ennfremur afar ánægjulegt samstarf við Karenu Erlu Erlingsdóttur starfsmann Hreindýraráðs svo og Hreindýraráð og sérilagi Hákon Hansson formann þess. Helgi Hallgrímsson, Hálfán Haraldsson, Hjörleifur Guttormsson og Óskar Ágústsson hafa að jafnaði veitt mikilvægar upplýsingar þegar til þeirra hefur verið leitað og oft komið færandi hendi með ýmsar upplýsingar til Náttúrustofunnar.

Fjöldamargir taka þátt í hreindýratalningu í mars ár hvert en of langt mál yrði að telja upp þá alla og marga aðra sem lögðu stofunni lið.

Öllum sem lögðu stofunni lið er hér með þakkað kærlega fyrir.

Skýrslur og fræðsluefni

Náttúrustofan gaf út 6 skýrslur árið 2002. Auk þess voru unnar smærri greinargerðir og fræðsluefni fyrir Náttúrugripasafnið. Árið 2002 komu þessar skýrslur út:

Berglind S. Ingvarsdóttir og Guðrún Á. Jónsdóttir 2002. *Fjörulíf í Reyðarfirði*. Samantekt fyrri rannsókna. Unnið fyrir Samherja. NA-45

Böðvar Þórisson og Skarphéðinn Smári Þórhallsson 2002. *Hreindýr og skógur*. Skógrækt á Fljótsdalshéraði og ágangur hreindýra í ungskóga. Verkefni unnið í samvinnu við Héraðsskóga. Náttúrustofa Austurlands, NA-44.

Guðrún Á. Jónsdóttir 2002. *Könnun á tegundasamsetningu túna á láglendissvæðum í Fljótsdal*. Áfangaskýrsla. Unnin fyrir Vegagerðina. NA-44.

Guðrún Á. Jónsdóttir 2002. *Greinargerð um gróðurfar í vegarstaði austan Jökulsár á Breiðamerkursandi*. Unnið fyrir Vegagerðina. NA- 46.

Guðrún Á. Jónsdóttir, Magnús Björnsson og Sigurjón Gisli Rúnarsson 2002. *Gróðurfar við Kröflulínu 3*. Unnið fyrir Landsvirkjun. NA -47.

Skarphéðinn G. Þórisson 2002. *Vöktun hreindýrastofnsins 2001-2002 og tillaga Náttúrustofu Austurlands um veiðikvóta árið 2003*. Náttúrustofa Austurlands. Skýrsla NA-42.

Auk þess gaf Veðurstofa Íslands í samvinnu við Náttúrustofu Austurlands út skýrsluna:

Kristín Ágústsdóttir, Náttúrustofu Austurlands og starfsmenn snjóflóðavarna Veðurstofu Íslands. 2002. *Ofanflóð á Eskifirði*. G02012, Veðurstofa Íslands, Reykjavík.

Allar skýrslur stofunnar eru nú aðgengilegar á heimasíðu hennar, www.na.is.

NÁTTÚRUSTOFA AUSTURLANDS

Mýrargötu 10 740 Fjarðabyggð Sími 477-1774 Fax 477-1923 Netfang: na@na.is
Miðvangi 2 700 Egilsstaðir Sími 471-2813 Netfang na@na.is